



Í uppgötvunarferð

Nánari kennsluleiðbeiningar

Barnasáttmálinn leggur áherslu á að öll börn séu jafn mikils virði. Sáttmálinn leggur jafnframt sérstaklega upp með að börn með hvers kyns skerðingu eigi rétt á að lifa lífinu til fullnustu og taka virkan þátt í samfélaginu. Í þessari æfingu fá börnin að læra um hvað felst í ólíkum skerðingum og að það sé skylda samfélagsins að aðlaga sig að þörfum allra manneskja. Í gegnum verkefni og æfingar fá börnin að fara í uppgötvunarferð í gegnum samfélag sem á að vera aðgengilegt fyrir alla.

Stutt lýsing á verkefni

Barnasáttmálinn leggur áherslu á að öll börn séu jafn mikils virði. Sáttmálinn leggur jafnframt sérstaklega upp með að börn með hvers kyns skerðingu eigi rétt á að lifa lífinu til fullnustu og taka virkan þátt í samfélaginu.

Í þessari æfingu fá börnin að læra um hvað felst í ólíkum skerðingum og að það sé skylda samfélagsins að aðlaga sig að þörfum allra..

Í gegnum verkefni og æfingar fá börnin að fara í uppgötvunarferð í gegnum samfélag sem á að vera aðgengilegt fyrir alla.

Verkefnið í hnotskurn

Öll lönd sem hafa skrifað undir Barnasáttmálann eiga að sjá til þess að börn með skerðingu geti átt gott líf. Börn með skerðingu eiga að geta gengið í skóla og tekið þátt í samfélaginu með sama hætti og öll önnur börn. Barnið og fjölskyldan á að fá þá aðstoð sem þau þurfa. Aðstoðin á að vera gjaldfrjáls eða svo ódýr að fólk hafi efni á henni. Löndin eiga að sameinast um að reyna að hjálpa börnum með skerðingu sem búa í fátækari löndum. Ekki má mismuna barni á grundvelli skerðingar þess (2. grein). Barn með skerðingu á rétt á að lifa fullu og innihaldsríku lífi sem gefur því tækifæri til að taka þátt í samfélaginu (23. grein). Opinberir staðir eiga að vera aðlagaðir að þörfum einstaklinga með skerðingu og þeim aðgengilegir.

- **Markmið:** Að velta fyrir sér áskorunum og möguleikum barna með skerðingu. Að ræða um aðgengi í ólíku umhverfi og hvernig það tengist réttindum.
- **Efni:** Dúkkur, efni til að binda fyrir augun, myndir af opinberum byggingum og stöðum.
- **Undirbúningur:** Teiknið útlínur barnslíkama á blað (A4). Klippið út minni útlínur af barnslíkama úr kartoni (bykkari pappír).

Inngangur

Segðu börnunum frá Barnasáttmálanum. Notaðu útskýringuna hér að ofan eða útskýringuna á síðunni:

Lýstu fyrir börnunum að réttindi fjalli um það sem börn þurfa til að þeim geti liðið vel og þroskast. Réttindi eru eitthvað sem barn þarf og á rétt á. Ræddu um það við börnin að ein af reglunum í Barnasáttmálanum sé að öll börn séu jafn mikils virði og að þau eigi öll rétt á að fá að vera eins og þau eru.

Fyrsta uppgötvunarferð

Útskýrðu fyrir börnunum að þau ætli að prófa hvernig það sé að sjá ekki. Börnin sitja saman, tvö og tvö. Annað barnið er með bundið fyrir augun og á að klæða dúkku í föt með hjálp félaga síns. Svo er skipt um hlutverk.

Umræður í lok uppgötvunarferðar



Hvernig tilfinning var það að sjá ekki neitt? • Var erfitt að klæða dúkkuna án þess að sjá? • Fenguð þið góða hjálp frá vini ykkar. Hvernig hjálp þurftir þú? • Hvað haldið þið að sé erfitt við það að sjá ekki? Hvað haldið þið að sé létt við að sjá ekki?

Önnur uppgötvunarferð

Er skólinn þinn góður staður fyrir börn með skerðingu? Getum við gert hann betri? Sýndu börnunum myndir frá ólíkum opinberum stöðum, t.d. leikskólanum, skólalóðinni, strætó, götum, leikvöllum. Talið um hversu aðgengilegir þessir staðir séu fyrir börn með ólíkar skerðingar. Málið inn á myndirnar breytingar sem geta gert staðinn aðgengilegri, t.d. ramp, lyftu, hátalara, breiðari hurðir og svo framvegis. Ljúktu umræðunni með því að tala við börnin um hvernig leikskóli eða skóli geti aðlagast betur að þörfum allra barna og fullorðinna. Skriðu niður tillögur barnanna og notaðu í frekari umræðu innan leikskólans.

Umræður í lokin

Talaðu við börnin um hvað geti verið gott við að hafa skerðingu. Þegar þau sáu ekki í æfingunni hér á undan, er þá ef til vill auðveldara að hlusta og skynja með höndunum sínum? Spurðu þau einnig að því hvað geti verið til staðar í umhverfinu sem geri það erfitt að t.d. sjá ekki. Ræddu við börnin um hvað hægt sé að gera og hvernig allir geti hjálpast að til að gera það auðveldara fyrir alla að komast ferða sinna og lifa lífinu til fulls. Ljúktu umræðunni með því að fjalla aftur um Barnasáttmálann og um að barn með skerðingu eigi alltaf rétt á að fá aðstoð. Forðastu að tala um einstök tilvik eða nefna einstök börn á nafn.